



490. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56 Selfossi
föstudaginn 6. febrúar 2015, kl. 12.00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Nielsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ágúst Sigurðsson, Páll Marvin Jónsson, Sæmundur Helgason og Jóhannes Gissurarson. Elín Einarsdóttir forfallaðist. Einnig sátu fundinn Þórður Freyr Sigurðsson og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn kl. 12:12 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Undirrituð.

2. Skipulag og framlag til sóknaráætlunar 2015-2019.

Stjórn SASS, sem er samnings- og ábyrgðaraðili sóknaráætlunarinnar, leggur meginlínurnar með aðkomu samráðsvettvangsins. Stjórnin samþykkir skipan 5 manna verkefnastjórnar, sem einnig er úthlutunarnefnd en skipunartíminn er til ársloka 2015. Eftirtaldir eru skipaðir í verkefnastjórn; Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður, Páll Marvin Jónsson, Guðrún Hafsteinsdóttir, Runólfur Sigursveinsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir.

Verkefnastjórn kemur með tillögu til stjórnar um skiptingu fjármagns, annars vegar til menningarverkefna og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarverkefna. Sett verði á fót a.m.k. tvö fagráð, eitt fyrir menningarverkefni og annað fyrir atvinnu- og nýsköpunarverkefni. Fagráðin fari yfir umsóknir og geri tillögur til verkefnastjórnar sem tekur við þeim til formlegrar afgreiðslu. Stjórn SASS staðfestir að lokum tillögurnar og að úthlutanir séu innan fjárhagsramma.

Að mati stjórnar SASS er hér um ágæta lausn að ræða og samþykkir hún tillöguna. Framkvæmdastjóra falið að koma tillögunni og sjónarmiðum stjórnar á framfæri við verkefnastjórnina. Jafnframt samþykkir stjórnin fyrirbyggjandi samningsdrög og felur formanni undirritun samningsins.



Við undirritun samningsins flytjast verkefni Menningarráðs Suðurlands og stjórnar Vaxtarsamnings Suðurlands til nýrrar verkefnastjórnar um Sóknaráætlun Suðurlands.

3. Kynning á hugmyndum um skipulagsþing á Suðurlandi.

Framkvæmdastjóra var falið að hefja undirbúning að skipulagsþingi fyrir Suðurland og skal það haldið á Hellu 25. mars nk. kl. 10:00.

4. Brothættar byggðir. Ráðning verkefnisstjóra í Skaftárhreppi.

BG sagði frá stöðu verkefnisins.

5. Önnur mál.

Landskipulagsstefna 2015-2026, umsögn og ályktun.

Formanni og framkvæmdarstjóra var falið að gera drög að umsögn sem send verður á stjórnarmenn áður en hún verður endanlega afgreidd.

Fundi slitið kl. 14.00

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Jóhannes Gissurarson
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson,
Páll Marvin Jónsson
Bjarni Guðmundsson